

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 393 31. desember 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

### 1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má þó 5% af karfaafla hvernar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

### 1. gr.

Útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem innheimt hefur verið samkvæmt 1.—3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með áorðnum breytingum skv. 1.—3. tl. 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, skal frá og með 12. febrúar 1975 vera sem hér segir fyrir þær afurðir sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975:

1. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 5 250.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa — saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 5 940.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót.a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.